

**Stjórnarfundur WIFT á Íslandi**  
**Kvikmyndaskóli Íslands**  
**Miðvikudagur 12. febrúar, kl. 18:00**

**Úr stjórn mættu:**

María Sigríður  
Lína Thoroddsen

**Á google meet mættu:**

Ríkey

**Verkferlar**

Á fundinum ætluðum við að kjósa um samþykktir á verkferlunum svo við gætum farið að vinna eftir þeim ásamt því að setja á heimasíðuna, en aðeins þrjár úr stjórninni voru mættar á fundinn svo það var ekki hægt.

Við ætluðum einnig að kjósa trúnaðarmann verkferla en var stopp vegna mætingu á fundinn.

- Maja sendi tölvupóst á Tómas Þorvaldsson lögfræðing sem er sérhæfður í höfundarréttarmálum. Hann starfar enn með SÍK og getur ekki verið í samstarfi við WIFT. Hann gæti tekið einstaka mál að sér sem tengjast framleiðslu en ætlar að leggja höfuðið í bleyti með nöfn á lögfræðingum sem gætu tekið þetta að sér.
- Ef er farið í gegnum heilsugæsluna þá áttu að fá 4 fría tíma í gegnum þau.
- Sálfræðistofan Höfðabakka vilja taka við meðlimum frá okkur. Þegar við bendum meðlimum á þau þá þarf að bóka í gegnum móttöku og taka fram að þau eru að koma í gegnum WIFT.
- Mín líðan sálfræðipjónusta taka á móti meðlimum frá okkur og best er að panta tíma á [minlidan@minlidan.is](mailto:minlidan@minlidan.is). 50 mínútna tími kosta 20.000 krónur og samstarfsaðilar eins og WIFT eru í forgangi.

Við gátum ekki farið mikið yfir verkferlana þar sem var fámennnt á fundinum.

**Samstarf við fyrirtæki og kjör fyrir meðlimi WIFT á Íslandi**

Maja er búin að senda á fyrirtæki vegna samstarfs og fá afslætti fyrir meðlimi eða önnur kjör, erum komnar með einhverja afslætti og vonandi mun meira bætast við.

Maja er búin að senda á Aur til þess að athuga hvort þau séu til í að halda utan um meðlimakortin. Það er í vinnslu, er búin að svara áreiðanleikakönnun og senda úr fyrirtækjaskrá til þeirra.

**Fjármál og skatturinn**

Búin að senda á RSK varðandi breytingu á stjórn/prókúru og það tekur 3-5 vikur að vera afgangur.

Maja er komin með prókúru í bankanum þar sem Ylfa Þöll sá sér ekki fært um að sinna störfum gjaldkera.

Stjórnarskiptin hjá RSK og bankanum er búið að taka sinn tíma, stofnanirnar hafa verið að

benda fram og til baka með næstu skref í breytingunum en núna er Maja búin að senda allar sem á að koma frá okkur.

Breyting hjá RSK kostaði 2200 krónur.

### **Heimasíða WIFT á Íslandi**

Gagnagrunnur á heimasíðuna er enn í vinnslu og mun verða tilbúinn innan skamms. Til þess að gagnagrunnurinn virki þurfti að kaupa format sem gerir gagnagrunninn aðgengilegan.

WIFT deildi árs kostnaði með Þorbjörgu Hafsteinsdóttur.

Hluti WIFT er 14.096 krónur.

### **Kynningarmál og félagslíf WIFT**

Maja er búin að bóka kynningu á starfsemi WIFT hjá Verzló, 5. Mars klukkan 13:00.

Maja er að biðja eftir staðfestingu frá Oddný Sen um hvaða dag við megum koma í Kvikmyndasögu hjá henni til þess að kynna starfsemi WIFT.

Maja er búin að senda á Kötlu og Evu vegna Writers Room, þær eru að ræða sín á milli um hvernig þær myndu vilja útfæra það.

Maja er búin að senda póst á Ísold varðandi að hafa WIFT sýningu á Bjarkarmyndinni, hef ekki fengið nein svör.

### **Bíósýningar í Bíó Paradís**

- Hvaða myndir viljum við sýna?
- Þurfum að fá leyfi fyrir myndinni
- Fá fólk til þess að vera með umræðu um bíómyndirnar
- Útvega sýningareintök á myndum
- Sjá um auglýsingar og fréttatilkynningar
- Fáum helmingsafslátt á salaleigunni
- Tilboð á barnum

Gætum rukkað inn á sýninguna í kringum 1000 krónur, leigjum sal 2 sem tekur 130 manns í sæti.

Þurfum að byrja að setja saman lista af myndum sem við myndum vilja sjá á þessum sýningum. Gott fyrir næsta fund að hver að ein kemur með eina mynd sem þær myndu vilja sjá.

Lína er búin að vera að hugsa um styrktaraðila fyrir ráðstefnu og hvers konar viðburði hægt er að vera með.

Hægt er að nýta þá veitingastaði sem við erum komnar með afslætti hjá ef erfitt er að fá styrktaraðila.

1-2 dagar með faglegum fyrirlestrum og pallborði um leikstjórn, handrit, cop og þess háttar.

Væri gaman að Aðalheiður Kristbjörg og Tia myndu koma og segja frá því

sem þær eru að gera og samstarfið við WIFT.

- Bókari sem sérhæfir sig í bókhaldi hjá verktökum
- Fá aðila frá KMÍ til þess að fara yfir umsóknarferlið um styrki hjá þeim.
- Fá Kristínu Leu til þess að ræða nándarþjálfun.

- Fá mögulega Sigfús hjá Doorway til þess að ræða prufur hjá leikurum
  - Fá aðila til þess að fræða um samningagerð og mikilvægi þess að gera samninga. Hvernig á að lesa í samningana?
  - Pallborðsumræða um handritaskrif
  - Pallborðsumræða um leikstjórn
  - Pallborðsumræða um undirbúning leikarans
  - Pallborðsumræða um reynslusögur í bransanum.
- Skipuleggja Barsvar (e. Pub Quiz) og fá vinninga frá Nexus og öðrum stöðum. Fá Ingibjörgu til þess að skipuleggja.
    - Gætum skipulagt líka bingó og við rukkum fyrir bingóspjöldin.

### **Samstarf**

Aðalheiður Kristbjörg og Tia mættu á fund og fylgdust með fundinum. Þær kynntu sig og hvað þær gera.

- Vilja gera samstarf við WIFT á Íslandi til þess að auka sýnileika og efla jafnrétti í bransanum.
- Þær vilja vita hverjar eru áskoranir okkar og hverjar eru þarfir okkar?
- Heimildarmynd um konur í kvikmyndagerð og áskoranir.  
Hvað eru konur búnar að gera í bransanum? Konur af mismunandi kynslóð með mismunandi reynslu. Einnig fá aðra minnihlutahópa í bransanum til þess að segja sína sögu.  
Fá meðlimi WIFT með okkur í þetta.

Gæti verið verk í vinnslu og gætum sett eitt og eitt viðtal á samfélagsmiðlana okkar. Gæti verið gott verkefni í tilefni Kvennaárs.

- Styrkir frá KMÍ - ætti að vera gegnsæi. Fá að sjá umsóknir og rannsaka hvernig jafnréttið er?
  - Hvernig er launajanfréttið?
  - Þær ætla að gera rannsókn á bransanum
- Það þarf að fræða um ofbeldið sem er í gangi í samfélaginu og ójafnrétti.

Aðalheiður Kristbjörg og Tia ætla að koma aftur síðar á fund með WIFT og halda áfram og fá að kynnast öðrum meðlimum stjórnarinnar og halda áfram með að finna út þarfir og þess háttar okkar tengt bransanum.